



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 24. mars klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Sigrún Valdimarsdóttir, Ívar Hauksson, Hákon Leifsson, Sigurður Elmar Birgisson, Þormóður Skorri Steingrímsson, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

1. ÍBR þing

Eftirfarandi mæta á þing ÍBR þann 10. apríl fyrir hönd Fáks. Hjörtur Bergstað, Ívar Hauksson, Sigurður Elmar Birgisson og Einar Gíslason.

2. Verðmat lóða

Borist hefur fyrirspurn um kaup á lóð Fáks í Vegbrekkum. Kanna þarf hjá fasteignasala verðmat á lóðinni. Framkvæmdastjóra er falið að hafa samband við fasteignasala sem verðmetur byggingarréttinn og upplýsir stjórn um frekari skref.

3. Lög hestamannafélagsins Fáks

Þann 29. ágúst á síðasta ári barst erindi frá framkvæmdastjórn ÍSÍ sem hafði tekið fyrir lög félagsins á fundi sínum. Í erindinu eru gerðar nokkrar athugasemdir við lögina. Fyrir utan stafsetningavillur þá eru þessar athugasemdir veigamestar:

- a) **2. grein laga Fáks:** Í lögum um getraunir nr. 59/1972 segir að óheimilt sé að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni án sérstakrar lagaheimildar. Til voru lög sem veittu dómsmálaráðherra heimild til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður en þau féllu úr gildi árið 2005. Með vísan til þessara lagabreytingar þarf að fella áður nefndan hluta ákvæðisins út. Þar að auki verður ekki séð hvernig rekstur veðbanka er til þess fallin að félagið nái markmiðum sínum.
- b) **3. grein laga Fáks:** Óljóst er við hvað er átt með að stjórn meti hvort umsókn um aðild að félaginu sé gild en félagsaðild skal vera öllum frjál og ekki aðrar takmarkanir á þátttöku í félagsstarfi en þær sem ytri aðstæður leyfa, sbr. f. liður gr. 5.2 í lögum ÍSÍ.
- c) **6. grein laga Fáks:** Bent er á að óvanalegt er að hafa lágmarks mætingu á almenna félagsfundi sem skilyrði þess að fundurinn sé löglegur. Fella skal brott *“og minnst 30 lögmaetir félagar sitja hann.”*
- d) **6. grein laga Fáks:** Þá er æskilegt að miða kjörgengi við 18 ára aldur. Verður setning svo *“Félagar 18 ára og eldri hafa kosningarétt og kjörgengi.”*
- e) **7. grein laga Fáks:** Endurskoðandi er lögverndað starfsheiti og þeir einir mega endurskoða reikninga. Kjósi félagið skoðunarmenn skv. 6. mgr. 5. gr. og þeir eru þeir einu sem fara yfir reikninga félagsins er rétt að breyta orðalagi í 7. grein að skoðaðir reikningar skuli liggja frammi á skrifstofu félagsins. Orðið *“Endurskoðaðir”* fellur brott.
- f) **7. grein laga Fáks:** Dagskrá aðalfundar er rétt að hefja á kosningu fundarstjóra og ritara. Fyrsti liður dagskrár verður því *“Kosning fundarstjóra og fundarritara”*.
- g) **10. grein laga Fáks:** Fella þarf niður þann hluta ákvæðisins sem vísar til reglna um kappreiðar, sbr. athugasemdir um 2. grein laganna. Út fellur setningin *“Stjórn félagsins setur reglur um rekstur veðbanka skv. lögum og reglum þar að lútandi.”*



- h) 17. grein laga Fáks: Æskilegt er að setja tímamörk á kvaðir eins og þær sem fram koma í ákvæðinu. Krafa um að sveitarfélag varðveiti eitur félags sem hefur verið slitið um óákveðinn tíma þar til sambærilegt félag hefur verið stofnað eru óraunhæfar, nema samkomulag hafi náðst við sveitarfélagið fyrir fram um þessa ráðstöfun. Hvernig er þetta hjá öðrum félögum.

Til viðbótar frá stjórn:

- a) **3. grein laga Fáks:** Fella skal brott “enda hafa þeir verið félagar í a.m.k. 5 ár.”

Stjórn samþykkir ofangreindar lagabreytingar og mun kynna þær í fundarboði aðalfundar félagsins.

4. Aðalfundur Fáks

Aðalfundur Fáks verður haldinn 29. apríl klukkan 20:00. Kosið verður um eftirfarandi embætti:

Formaður. Hjörtur Bergstað gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu.

Kosið verður um eftirfarandi stöður til 2 ára;

Hákon Leifsson, gjaldkera
Sigrúnu Valdimarsdóttir, meðstjórnanda
Vilfríði Fannberg Sæþórsdóttir, meðstjórnanda

Til eins árs:

Hjörtur Bergstað, formaður
Þormóður Skorri Steingrímsson, meðstjórnandi

5. Önnur mál

Undirbúningur fyrir Dag reiðmennskunnar og Stórsýningu Fáks gengur vel. Milli sýninga verður haldin heiðursathöfn í tilefni þess að Sigurbjörn Bárðarson tekinn inn í frægðarhöll ÍSÍ í janúar síðastliðnum.

Fundi slitið 18:05

Fundargerð ritaði Einar Gíslason